

Eiríkur Rögnvaldsson

Háskóla Íslands

## HVAÐ OG HVAR ER AÐBLÁSTUR?

### 1.

Í grein sinni um aðblástur í íslensku veltir Höskuldur Þráinsson (1978) því fyrir sér hvernig megi ná saman í eina reglu báðum tegundum aðblásturs; þeirri þar sem gera má ráð fyrir baklægum löngum (tvöföldum) lokhljóðum, /pp, tt, kk/ (*kappi, detta, þakka*), og hinni þar sem /p, t, k/ fer á undan /l, n, m/ (*epli, opna, ætla, vatn, rytmi, ekla, vakna*). Höskuldur (1978:29) lætur sér detta í hug að lokhljóðin lengist fyrst á undan /l, n, m/, og þá geti aðblástursreglan verkað á þau eins og önnur löng (fráblásin) lokhljóð. Afleiðsla orðanna *detta, epli* og *vakna* væri þá á þessa leið (að slepptum breytingum sem ekki skipta máli hér):

(1) baklæg gerð	#detta#	#epli#	#vakna#
lenging	—	#eppli#	#vakkna#
aðblástur	#dehta#	#ehpli#	#vahkna#
yfirborðsgerð	[d̥ɛh̥t̥a]	[ɛh̥pl̥i]	[vah̥ɣna]

Þær lengdarmælingar sem Höskuldur birtir til að styðja þetta gefa þó ekki ótvíræða niðurstöðu, enda klykkir Höskuldur út með að segja að þetta þarfnist greinilega nánari rannsóknar. Hann þykist þess þó fullviss að aðeins ein aðblástursregla sé að verki í íslensku.

Kristján Árnason (1980a:25) lætur í ljós efasemdir um lengingarhugmynd Höskuldar, og varpar fram þeirri hugmynd að það sé í raun og veru stuttleiki undanfarandi sérhljóðs, frekar en lengd samhljóðsins, sem valdi aðblæstrinum. Ástæðan er sú (eins og Höskuldur nefnir reyndar, 1978:50) að lenging fyrra hljóðs í klasa á eftir stuttu sérhljóði er alls ekki bundin við lokhljóð á undan /l, n, m/. Þvert á móti virðast öll samhljóð lengjast sem fyrra hljóð í klasa á eftir stuttu áherslusérhljóði (sjá t.d. Magnús Pétursson 1978:83, Kristján Árnason 1980a:25, 36-37). Áður töluðu hljóðfræðingar (t.d. Jón Ófeigsson 1920-1924, Stefán Einarsson 1927) um »hálf lengd« á þessum hljóðum, og táknuðu hana sérstaklega (t.d. [hes̥d̥.ɣr]); en Magnús Pétursson (1978a:83) telur slíka táknun óþarfa, þar sem það sé algilt hljóðfræðilegt lögmál að samhljóð séu lengri á eftir stuttum sérhljóðum en löngum. Athugið að Magnús telur þetta ekki aðeins eiga við um fyrra hljóðið í sambandi tveggja mismunandi, heldur gildi það líka þótt um eitt og sama hljóðið sé að ræða. En vegna þess að lenging samhljóðsins virðist vera afleiðing af stuttleika sérhljóðsins, en ekki öfugt,

finnst Kristjáni eðlilegra að telja stuttleika sérhljóðsins frumorsökina.

En þótt þessar lausnir greini á um ástæðu aðblástursins, og önnur telji lengingu lokhljóðanna frumorsökina, en hin stuttleika sérhljóðanna, verður ekki betur séð en báðar spái því sama um við hvaða aðstæður vænta megi aðblásturs. Sá spádómur er settur hér fram í (2):

- (2) Aðblástur kemur fram á undan samhljóðaklösum sem hafa /p, t, k/ sem fyrra hljóð, ef undanfarandi sérhljóð er stutt

Nú vill svo til að í máli flestra landsmanna eru þetta aðeins þeir klasar sem að framan voru nefndir, þ.e. /p, t, k/ + /l, n, m/; því að ef seinna hljóðið er /v, j, r/ helst sérhljóðið á undan langt, og því verður ekki lenging á /p, t, k/. Önnur samhljóð koma svo yfirleitt ekki fyrir sem seinna hljóð í slíkum klösum. Það virðist því svo sem ekki sé hægt að hrekja tilgátuna í (2).

En hér að framan var hafður nokkur fyrirvari á, og sagt að önnur samhljóð en /l, n, m/ eða /v, j, r/ kæmu yfirleitt ekki fyrir á eftir /p, t, k/ í klösum. Frá því er þó sú undantekning, að eignarfalls-*s* getur auðvitað komið á orð eins og *skip*, *bátur*, *þak*. Því hefur löngum verið haldið fram, að í slíkum orðum kæmi tvenns konar framburður til greina; annaðhvort héldist sérhljóðið langt, og framburðurinn yrði [s<sup>°</sup>ɪ b̥s], [þau ɖs], [þa ɣs]; eða þá að sérhljóðið styttist, en þá öngljóðaðist lokhljóðið um leið, og framburðurinn yrði [s̥ɪfs], [þaus] (með samlögun), [þaxs] (sjá t.d. Magnús Pétursson 1978b:47, 81). En eins og Kristján Árnason hefur bent á (1980a:233), er nú að verða algengt að lokhljóðið haldist í þessum orðum, þótt sérhljóðið styttist; framburðurinn verður þá [s̥ɪb̥s] o.s.frv. Þá lengist lokhljóðið sem fremra hljóð í klasa á eftir stuttu sérhljóði, og mætti því búast við að aðblástur kæmi fram og framburðurinn yrði [s̥ɪh̥b̥s]; en svo er alls ekki. Það sýnir að aðblástur er ekki óhjákvæmilegur fylgifyskur stutts sérhljóðs eða lengingar /p, t, k/, eins og hugmyndir Höskuldar og Kristjáns virðast vera.

Annað dæmi má nefna sem bendir til hins sama. Í máli nokkurra Skaftfellinga gildir önnur lengdarregla en í máli annarra landsmanna. Þessir Skaftfellingar hafa stutt sérhljóð á undan samböndunum /p, t, k, s/ + /v, j, r/. Það þýðir að fyrra hljóð klasans, þ.e. /p, t, k/, lengist, og mætti þá búast við að aðblástur kæmi fram, ef hugmyndir Höskuldar stæðust. Það mætti sem sé búast við að framburður þessara Skaftfellinga á orðunum *nepja*, *vetra*, *vökva* yrði [neh̥ja], [veh̥dra], [vöh̥gva] í stað [ne b̥ja], [ve ɖra], [vö ɣva] eða [ne p<sup>h</sup>ja], [ve t<sup>h</sup>ra], [vö k<sup>h</sup>va] hjá öðrum landsmönnum. En sú er ekki raunin; þær myndir sem við fáum þess í stað eru [neh̥ja], [veɖra], [vöɣva], þ.e. ófráblásið lokhljóð með »hálfri lengd« í stað aðblásturs. Það sýnir, eins og fyrra dæmið, að stytting sérhljóðs og þar af leiðandi lenging eftirfarandi /p, t, k/ dugar ekki til að aðblástur komi fram; það skiptir líka máli hvaða hljóð koma á eftir.

## 2.

En hvað er þá sameiginlegt með /l, n, m/ sem ekki á við um /v, j, r, s/ og gerir það að verkum að aðblástur kemur aðeins fram í klösum með hljóðum úr fyrri hópnum, en ekki þeim seinni? Ef við föllumst á þá niðurstöðu Ástu Svavarsdóttur (1984) að íslenskt /l/ sé [-samfelld], þá er þar kominn sá þáttur sem dugur til að greina milli hópanna; hljóðin í þeim fyrri eru þá öll [-samfelld], en [+samfelld] í þeim seinni. Og þar með er líka hægt að sameina bæði afbrigði aðblásturs í eina reglu. Aðblástur kemur þá fram í klösum þar sem fyrri hljóðið er /p, t, k/, og það seinna [-samfelld], sem tekur þá bæði yfir /p, t, k/, og líka /l, m, n/. Önnur [-samfelld] hljóð eru /b, d, g/, en þau koma aldrei fyrir í þessu umhverfi (nema á skilum í samsettum orðum, en þar fer þá ekki stutt sérhljóð á undan). Aðblástursregluna má því setja fram svo:

$$(3) \quad \emptyset \rightarrow [h] / V \text{ --- } \begin{array}{c} C \\ \left( \begin{array}{l} \text{-samfelld} \\ \text{+sperrt raddgl.} \end{array} \right) [-\text{samfelld}] \end{array}$$

Þátturinn [+sperrt raddglufa] er hér notaður til að greina /p, t, k/ frá /b, d, g/. Reglan segir sem sagt að skotið sé inn [h] á eftir sérhljóði, ef á eftir fer klasi þar sem fyrri hljóðið er /p, t, k/, og það seinna er /p, t, k/ eða /l, n, m/. Hér er sem sagt ekki gert ráð fyrir því, eins og hjá Höskuldi Þráinssyni (1978) að fyrri hluti langs /pp, tt, kk/ breytist í [h], heldur að [h] sé alltaf skotið inn á undan samhljóðaklasanum. Þar af leiðandi skiptir lenging /p, t, k/ sem fyrri hljóðs í klasa engu máli; það sem máli skiptir er hvort seinna hljóðið er [-samfelld] eða ekki.

Eins og reglan er sett fram í (3) er ekki gert ráð fyrir að myndunarstaður samhljóðanna tveggja þurfi að vera sá sami — enda er svo augljóslega ekki í samböndunum /pl, pn, tm, kl, kn/. Það þýðir aftur að gera verður ráð fyrir að reglan sem önghljóðar /p, k/ á undan /t/ verki á undan aðblástursreglunni, því að þt. so. *gapa* og *þekja* er borin fram [gafɔ̃], [paxɔ̃], en ekki [gahɔ̃], [pahɔ̃]. En þess eru þó dæmi að aðblástur komi fram þar sem tvö mismunandi lokhljóð koma saman. Orðið *notkun* er vanalega borið fram með löngu /o/, [nɔ̃ ɔ̃kʰɯn] en þó eru þeir til sem bera það fram með stuttu sérhljóði; og þá kemur fram aðblástur: [nɔ̃hɔ̃ɔ̃ɯn]. Það er athyglisvert að bera þetta saman við mismunandi framburð á ef. *báts*, sem talað var um hér að framan. Í báðum tilvikum eru morfemaskil inni í klasanum (/not+kun/, /bát+s/), og lengdarreglunni er oft beitt eins og aðeins eitt samhljóð, þ.e. það sem er innan sama morfems, væri á eftir sérhljóðinu; við fáum þá langt sérhljóð. En ef ekki er tekið tillit til myndanskilanna, þá fáum við í báðum tilvikum stutt sérhljóð, eins og eðlilegt er á undan tveimur samhljóðum; en breytingin á lokhljóðinu /t/ er ekki sú sama. Það sýnir okkur greinilega, að eftirfarandi hljóð skiptir máli.

Nú gæti virst sem reglan (3) gæfi ranga niðurstöðu í orðum eins og *kappi*, *detta*, *þakka*; ef hún skýtur [h] inn á undan lokhljóðunum, í stað þess að »búa það til« úr fyrri hluta þeirra, ættum við að fá [h] + löng lokhljóð; [kʰahɔ̃], [ðehɔ̃ a], [pahɔ̃ a]. Þetta gerist þó ekki; og þegar betur er að gáð er það ekki von. Það er nefnilega almenn regla í málinu að löng (tvöföld) samhljóð stytast í grannstöðu við samhljóð. Þannig er ef. orðsins *dans* ekki [ɔ̃ans], þótt búast mætti við að þar bættist við eignarfalls-s, heldur bara [ɔ̃ans] eins og nf.; hk. lo. *æstur* er ekki [aisɔ̃] eins og búast mætti við ef hk.-endingin -t bættist við á

venjulegan hátt, heldur bara [aisd] eins og stofninn; o.s.frv. Styttingin er því regla sem gera verður ráð fyrir í málinu hvort eð er. Afleiðsla orðanna *þakka* og *opna* verður þá svona:

(4)	baklæg gerð	#þakka#	#opna#
	aðblástur	#þahkka#	#ohpna#
	stytting	#þahka#	—
	yfirborðsgerð	[þahga]	[ɔpna]

### 3.

En hvað er það sem gerist í aðblæstrinum? Hér að framan var aðblástursreglan sett fram sem innskotsregla; gert ráð fyrir að [h] væri skotið inn í orðin á undan títtnefndum samhljóðaklösum. Kristján Árnason (1977: 500) vill telja aðblásturinn flýttu afröddun (anticipated voicelessness) eða seinkaða lokun (delayed closure), eða hvorttveggja. Það sem gerist sé sem sagt að röddun undanfarandi sérhljóðs lýkur áður en lokun hefst. Málið er þó ekki svo einfalt, því að óhjákvæmilegur fylgifiskur aðblásturs er afblástur (deaspiration) lokhljóðsins; þ.e. það missir fráblástur sinn, og það ekkert síður í máli harðmæltra en linnmæltra. Höskuldur Þráinsson (1978) hefur stungið upp á að lýsa þessum tengslum aðblásturs og afblásturs með því að gera ráð fyrir að þátturinn [+sperrt raddglufa] færast milli hljóða; þ.e. yfir á fyrri hluta langs /pp, tt, kk/. Við það missir seinna hljóðið í sambandinu fráblástur sinn. Síðan gerir Höskuldur ráð fyrir að fyrri hljóðið í þessum samböndum (eða fyrri hluti sambandanna) missi alla einkennisþætti sína ofan raddbanda; eftir stendur þá einungis þátturinn [+sperrt raddglufa], og það hljóð sem hefur þann þátt einan er [h], sem hefur engan myndunarstað ofan raddbanda.

Það má þó líta á þetta á dálítið annan hátt — og verður raunar að gera það hér, þar sem ekki er litið svo á að [h] verði til úr fyrri hluta /pp, tt, kk/. Hér er sem sagt gert ráð fyrir að þátturinn [+sperrt raddglufa] færast til, en ekki yfir á fremra hljóð klasa, heldur fram fyrir klasann. Þar er auðvitað sérhljóð fyrir, og er nú um tvennt að ræða: Annaðhvort að [+sperrt raddglufa] (þ.e. [h]) »troði sér inn« milli sérhljóðsins og lokhljóðsins (það er raunar það sem innskotsreglan í (3) segir); eða þá að þátturinn [+sperrt raddglufa] sé færður yfir á seinni hluta sérhljóðsins, sem ylli þá afröddun á þeim sama seinni hluta. Sumir hafa stungið upp á seinni lausninni (t.d. Anderson 1974:266), og Kristján Árnason (1977:500) telur hana eiga við hvað varðar sambönd /p, t, k/ + /l, n, m/; þar sé a.m.k. meginhluti þess tíma sem aðblásturinn tekur tekinn frá sérhljóðinu. Höskuldur Þráinsson (1978) hafnar þessari lausn hins vegar, einkum á þeim forsendum að ef hún væri rétt mætti búast við að sérhljóð á undan aðblásturssamböndum væru (helmingi) styttri en sérhljóð á undan öðrum samhljóðaklösum, en svo er alls ekki; lengdin er svipuð.

Hér er þó önnur lausn hugsanleg. Eins og alkunna er fer lengd sérhljóða í íslensku eftir fjölda eftirfarandi samhljóða, en er ekki fónemisk. Það er því eðlilegt að gera annaðhvort ráð fyrir að öll samhljóð séu stutt í baklægri gerð, en lengdarreglan lengi þau í ákveðnu umhverfi; eða að þau séu öll löng, en lengdarreglan styttri þau í ákveðnu umhverfi. Ýmislegt styður það að gera fremur ráð fyrir löngum sérhljóðum í baklægri gerð, s.s. það

að sérhljóð eru löng þegar þau standa ein sér. Höskuldur Þráinsson (1978:23) segir að vísu að einfaldast sé að gera grein fyrir lengd sérhljóða í íslensku með því að telja sérhljóð stutt í baklægri gerð, en ekki verða séð nein sérstök rök fyrir því enda gerir Kristján Árnason (1980a) ráð fyrir báðum möguleikum. Ef við gerum nú ráð fyrir því að öll sérhljóð séu löng í baklægri gerð, líka þau sem standa á undan samhljóðaklösum, þá er ekki lengur neitt því til fyrirstöðu að gera ráð fyrir afröddun seinni hluta sérhljóðsins; á því stigi sem afröddunin verður er sérhljóðið langt, en á að verða stutt í yfirborðsgerð. Afleiðsla orðanna *þakka* og *þagga* gæti verið svona (þar sem löng sérhljóð eru táknúð sem tvö til einföldunar):

(5) baklæg gerð	#þaakka#	#þaagga#
færsla [+sp.rgl.]	#þahgga#	—
stytting	#þahga#	—
lengdarregla	—	#þagga#
yfirborðsgerð	[þahga]	[þaǵ a]

Hér er sem sagt gert ráð fyrir að lengdarreglan hafi engin áhrif á *þakka*, vegna þess að aðblástursreglan sé þegar búin að stytta sérhljóðið með því að breyta seinni hluta þess í samhljóð. Þessu til stuðnings má svo benda á að stutt tvíhljóð virðast hafa sérstaka tilhneigingu til að einhljóðast á undan aðblásturssamböndum (*ætla* verður [ahɰla], *lækka* verður [lahga], *hækka* verður [hahga] o.s.frv.); í öllum tilvikum er það seinni hluti tvíhljóðsins sem hverfur, og samræmist það ágætlega þeirri hugmynd að aðblástur felist í því að seinni hluta sérhljóðs sé breytt í [h].

Hugmynd Höskuldar gerir sem sagt ráð fyrir því að aðblásturinn »verði til úr« fyrri hluta langra /pp, tt, kk/, en samkvæmt minni hugmynd verður hann til úr seinni hluta langs sérhljóðs. Síðarnefnda ferlið er augljóslega miklu einfaldara og eðlilegra, þar sem það felst nær eingöngu í afröddun hluta sérhljóðsins; það fyrra felst hins vegar í gerbreytingu á lokhljóðunum, þ.e. þau missa alla þætti sem einkenna þau. Það má líka benda á að formendur undanfarandi sérhljóðs sjást yfirleitt í aðblæstri (enda bendir t.d. Kristján Árnason (1978:500) á að *hattur* mætti eins hljóðrita [ʰaʰtʰʏr], sbr. líka Sveinbjörn Sveinbjörnsson 1933), og er það auðvitað eðlilegra ef hann er orðinn til með afröddun sérhljóðs en ef hann er orðinn til úr eftirfarandi lokhljóði.

Greining Höskuldar (1978) gerir í raun ráð fyrir að tvennt gerist í aðblæstri; annars vegar að þátturinn [+sperrt raddglufa] færast til (sé flýtt) miðað við hreyfingar talfæra ofan raddbanda, þannig að seinni hluti /pp, tt, kk/ sé ekki lengur [+sperrt raddglufa] og því komi fráblástur ekki fram. Hins vegar gerist það svo að fyrri hluti /pp, tt, kk/ missi alla sína þætti ofan raddbanda, og ekkert sé þá eftir nema raddbandaþátturinn [+sperrt raddglufa], sem kemur út sem [h]. Fyrri hlutann tengir Höskuldur síðan við afröddun /l, n, m/ á undan /p, t, k/. Samkvæmt því sem hér hefur verið haldið fram felst aðblásturinn eingöngu í færslu þáttarins [+sperrt raddglufa] (stytting langra samhljóða er sjálfstæð regla), rétt eins og afröddunin. Þar af leiðir að samkvæmt þessari greiningu eru aðblástur og afröddun ekki tvær skyldar reglur, heldur í raun og veru sama reglan (með mismunandi skilyrðingum að vísu).

### Heimildir

- Anderson, Stephen R. 1974. *The Organization of Phonology*. Academic Press, New York.
- Ásta Svavarsdóttir. 1984. Samfelld eða ekki samfelld? Um hljómenndur í íslensku og þáttagildi /l/. *Íslenskt mál* 6:7-32.
- Höskuldur Þráinsson. 1978. On the Phonology of Icelandic Preaspiration. *Nordic Journal of Linguistics* 1:3-54.
- Jón Ófeigsson. 1920-1924. Træk af moderne islandsk Lydlære. Sigfús Blöndal: *Íslensk-dönsk orðabók*, bls. xiv-xxvii. Reykjavík.
- Kristján Árnason. 1977. Preaspiration in Modern Icelandic: Phonetics and Phonology. *Sjöttú ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni*, bls. 495-504. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.
- . 1980a. *Quantity in Historical Phonology*. Icelandic and Related Cases. Cambridge University Press, Cambridge.
- . 1980b. Ritdómur um *Drög að hljóðkerfisfræði* eftir Magnús Pétursson. *Íslenskt mál* 2:229-239.
- Magnús Pétursson. 1978a. La quantité en islandais moderne: Un fait régional. *Linguistica* 17:73-89.
- . 1978b. *Drög að hljóðkerfisfræði*. Iðunn, Reykjavík.
- Stefán Einarsson. 1927. *Beiträge zur Phonetik der Isländischen Sprache*. A.W. Brøgers Boktrykkeri A/S, Oslo.
- Sveinbjörn Sveinbjörnsson. 1933. *Icelandic Phonetics*. By Sveinbjörn Sveinbjörnsson in collaboration with the editor Ole Olesen. Universitetsforlaget, Aarhus.